

Akraneskaupsstaður
Dalbraut 4
300 Akranes

Selfoss, 04.02.2025
Málsnúmer UOS2501363

Akraneskaupsstaður, Berjadalsá - ID 19

Efni: Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að í Akraneskaupsstað er einn aflagður urðunarstaður með þinglýst fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðarins.

Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða eru gefin út í samræmi við 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Samkvæmt framangreindri grein laganna ber rekstraraðili ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi (þ.e. fyrirmælum), svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans.

Rekstraraðilum aflagðra urðunarstaða ber að skila niðurstöðum skráninga og mælinga til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Umhverfis- og orkustofnun hefur skv. 66. gr. laga nr. 55/2003 heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum. Stofnunin getur meðal annars veitt áminningu, ákveðið aðilum dagsektir sem og látið vinna verk á kostnað hins vinnuskylda. Sömuleiðis hefur stofnunin heimild skv. 67. gr. a., til álagningar dagsekta vegna ákveðinna brota, m.a. ákvæðum um lokun urðunarstaðar, sbr. 61. gr.

Fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðar Akraneskaupsstaðar við Berjadalsá tóku gildi 13. nóvember 2013. Fullnægjandi gögn varðandi urðunarstaðinn, sbr. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun og 19. gr. laga nr. 55/2003, hafa ekki enn borist frá sveitafélaginu.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. mars 2025.

Virðingafyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur